



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Könnun fyrir forsjáraðila Haustönn 2025

Petra Lind Sigurðardóttir
Aðstoðarskólameistari



Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	0
Könnun fyrir forsjáraðila haustönn 2025	1
Niðurstöður könnunar.....	1
Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.....	1
Af hverju valdi nemandinn VA?	1
Heimasíða og fundir	1
Upplýsingaflæði.....	3
Samskipti við kennara	4
Heimanám, vörður og vinnustofur.....	5
Líðan og gengi í náminu.....	7
Nýting þjónustu	8
Verkmenntaskóli Austurlands stendur sig vel í að mennta nemendur.....	9
Annað	9
Lokaorð.....	9

Könnun fyrir forsjáraðila haustönn 2025

Könnunin var lögð fyrir þann 19. nóvember 2025 og var fyrirlagningu lokið 26. nóvember 2025.

Könnunin samanstóð af 19 spurningum, 14 valkostaspurningum og 5 opnum spurningum.

Spurningalistinn var sendur á forsjáraðila nemenda undir 18 ára aldri og bárust 35 svör en könnunin var send á alls 69 netföng. Tekið skal fram að frá fyrri könnunum var tekinn út svarmöguleikinn „bæði og“.

Niðurstöður könnunar

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.

Af hverju valdi nemandinn VA?


Fyrsta spurning könnunarinnar var opin spurning og spurt var hvers vegna VA varð fyrir valinu hjá nemandanum sem er í forsjá svarenda. Það að hafa aðgengi að skóla í heimabyggð og að þurfa ekki að flytja úr foreldrahúsum var helsta ástæðan fyrir vali nemandans á skólanum ásamt því að þar væri hægt að stunda verknám. Einnig voru svör varðandi listaakademíuna, orðspor og persónulega þjónustu innan skólans ásamt góðum meðmælum með starfsbrautinni.

Heimasíða og fundir

Mynd 1 sýnir að allir svarendur hafa heimsótt heimasíðu skólans og langstærstur hluti þeirra oftast en einu sinni eða alls 31 af 25 svarendum eða 88,6%.

Hefur þú heimsótt heimasíðu skólans?

35 svör




Mynd 1. Hefur þú heimsótt heimasíðu skólans?

Mynd 2 sýnir að töluverður meirihluti svarenda hefur sótt fundi sem skólinn hefur staðið fyrir en þar getur verið um að ræða foreldrafundi eða ýmis konar kynningarfundi. 27 svarendur höfðu sótt slíkan fund eða 77%. Í opinni spurningu sem fylgdi í kjölfarið mátti sjá að langflestir þeirra sem sótt höfðu fund voru forsjáraðilar sem sóttu kynningarfund fyrir skólabyrjun og einhverjir þeirra nýttu sér tæknina og sóttu slíkan fund í gegnum fjarfundarbúnað. 8 svarendur svöruðu því til að hafa ekki sótt fundi sem skólinn hefur staðið fyrir en helstu ástæður sem svarendur nefndu voru vegna fjarlægðar eða tímaleysis.

Hefur þú komið á fundi sem skólinn hefur staðið fyrir, s.s. foreldrafundi eða kynningarfundi?

35 svör




Mynd 2. Hefur þú komið á fundi sem skólinn hefur staðið fyrir, s.s. foreldrafundi eða kynningarfundi?

Upplýsingaflæði

Þrjár spurningar í könnuninni sneru að upplýsingaflæði frá skólanum og hversu upplýstir forsjáraðilar eru um ýmsa þætti í skólastarfinu. Eins og sjá má á Mynd 4 telja 97% svarenda að upplýsingaflæði frá skólanum sé gott eða mjög gott en einn telur að það sé slæmt.

Hvernig finnst þér upplýsingaflæði frá skólanum?

35 svör




Mynd 4. Hvernig finnst þér upplýsingaflæði frá skólanum?

Þegar skoðað er hvar svarendum finnst best að nálgast upplýsingar um skólastarfið má sjá á Mynd 5 að tölvupóstur og heimasíða eru bestu leiðirnar. 47% svarenda nefna heimasíðu og 35% tölvupóst. Þrír svarendur nefna að Facebook sé besta leiðin til að nálgast upplýsingar um skólastarfið. Einn tekur fram að allar boðleiðirnar séu góðar.

Hvernig finnst þér best að nálgast upplýsingar um skólastarfið?


34 svör



Mynd 5. Hvernig finnst þér best að nálgast upplýsingar um skólastarfið?

Þegar skoðað er hversu upplýstir svarendur eru um lykilatriði í skólastarfinu, s.s. stefnu, aðalnámskrá og skólanámskrá má sjá á Mynd 6 að 73,5% svarenda telur sig vera vel eða mjög vel upplýsta um þessa þætti en 26,5% telja sig vera illa eða mjög illa upplýsta.

Hversu upplýsta(n) telur þú þig vera um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá?
34 svör




Mynd 6. Hversu upplýsta(n) telur þú þig vera um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá?

Samskipti við kennara

Tvær spurningar sneru að samskiptum forsjáraðila við kennara nemandans. Sú fyrri sneri að samskiptum við umsjónarkennara og sjá má á Mynd 7 að 31% hafa verið í samskiptum við umsjónarkennara oft en einu sinni, 11% einu sinni en 20 svarendur, eða 57% hafa aldrei verið í samskiptum við umsjónarkennara.


Hefur þú verið í samskiptum við umsjónarkennara nemandans sem þú ert forsjáraðili fyrir?
35 svör



Mynd 7. Hefur þú verið í samskiptum við umsjónarkennara nemandans sem þú ert forsjáraðili fyrir?

Svipaða sögu má segja af samskiptum við einhvern af kennurum nemandans. Á Mynd 8 má sjá að 41,2% hafa aldrei verið í samskiptum við einhvern af kennurum nemandans og 58,8% einu sinni eða oft.

Hefur þú verið í samskiptum við einhvern af kennurum nemandans sem þú ert forsjáraðili fyrir?
34 svör




Mynd 8. Hefur þú verið í samskiptum við einhvern af kennurum nemandans sem þú ert forsjáraðili fyrir?

Heimanám, vörður og vinnustofur

Á Mynd 9 má sjá að mikill meirihluti svarenda, eða 65,7% fylgist með heimanámi nemandans á kennsluvef skólans en 34,3% gera það ekki.

Fylgist þú með heimanámi nemandans á kennsluvef skólans?
35 svör




Mynd 9. Fylgist þú með heimanámi nemandans á kennsluvef skólans?

Síðustu annir hefur verið kerfi þar sem settar voru þrjár vörður á hvorri önn sem nefnast ljósker, viti og varða. Kom það í stað miðannarmats sem áður var. Á þessum vörðum fá nemendur umsagnir um stöðu sína í hverjum áfanga. Á Mynd 10 má sjá að mikill meirihluti svarenda skoðaði þessar umsagnir eða 97% og fylgjast þannig með stöðu nemandans í náminu reglulega yfir önnina.

Skoðar þú umsagnir frá kennurum um nám nemandans, svokallaðar vörður sem gerðar eru reglulega yfir önnina og birtast á INNU?

35 svör



Mynd 10. Skoðar þú umsagnir frá kennurum um náms nemandans, svokallaðar vörður sem gerðar eru reglulega yfir önnina og birtast á INNU?


Undanfarnar annir hefur verið mótað kerfi þar sem stundatöflur nemenda eru byggðar upp með hefðbundnum áfangatímum, að mestu fyrir hádegi, og vinnustofum eftir hádegi alla daga nema mánudaga. Þar hafa nemendur val um til hvaða kennara þau sækja sér aðstoð. Ákveðið var að spyrja forsjáraðila opinna spurningar til þess að kanna viðhorf þeirra til þessa kerfis. Spurningin var eftirfarandi; Hvað finnst þér um vinnustofukerfið í skólanum? Langflestir svarenda voru mjög jákvæðir í garð vinnustofukerfisins og telja kerfið henta sínum nemanda vel. Einhverjir benda á að þar mætti vera frjáls mæting eftir þörfum nemenda á meðan einhver svör gáfu til kynna að gott væri að hafa þar skyldumætingu líkt og er núna. Þrír töldu kerfið ekki henta sínum nemanda og það gæti reynst sumum erfitt að óska eftir aðstoð. Einhverjir nefndu að nemendur ættu það til að fá fjarvistir þrátt fyrir að vera mættir á staðinn.

Líðan og gengi í náminu

Á Mynd 11 má sjá að meirihluti svarenda, eða 82%, segir að nemandinn segi sér frá gengi í námi og starfi í skólanum en 17% segja að nemandinn geri það ekki.

Segir nemandinn þér frá gengi sínu í námi og starfi skólans?

35 svör




Mynd 11. Segir nemandinn þér frá gengi sínu í námi og starfi í skólanum?

Þegar kemur að líðan nemandans má sjá á Mynd 12 að mikill meirihluti svarenda telur að nemandanum líði vel eða mjög vel í skólanum, eða 94,3%. Tveir telja að nemandanum líði illa og mjög illa.

Hvernig telur þú að nemandanum líði í skólanum?

35 svör




Mynd 12. Hvernig telur þú að nemandanum líði í skólanum?

Nýting þjónustu

Á Mynd 13 má sjá að meirihluti svarenda telur að nemandinn nýti þá þjónustu sem hann á kost á, s.s. náms- og starfsráðgjöf eða viðtalstíma, eða 70%. Rúm 29% telja nemandann ekki nýta sér þá þjónustu sem hann á kost á.

Nýtir nemandinn sér þá þjónustu sem hann á kost á? (S.s. náms- og starfsráðgjöf, viðtalstíma, samskipti við skólahjúkrunarfræðing og fleira?)

34 svör




Mynd 13. Telur þú að nemandinn nýti þá þjónustu sem hann á kost á, s.s. náms- og starfsráðgjöf, viðtalstíma og fleira?

Á Mynd 14 má sjá að 42,9% nemenda nýta sér mötuneyti VA í hádegismat. Í opinni spurning um hversu ánægð forsjáraðilar telja nemandann vera með matinn eru svörin á ýmsa vegu. Nokkrir töldu nemandann vera ánægðan með matinn, aðrir sögðu það vera misjafnt og að nemandinn myndi velja það að borða þegar viðkomandi litist vel á matinn. Einhverjir sögðu nemandann sinn ekki finnast maturinn sérstaklega góður og einn kvaðst hafa hætt að mæta í mat. Eins kom fram ábending um það að réttirnir mættu vera fleiri en einn sem stæðu nemendum til boða.

Nýtir nemandinn sér mötuneyti VA í hádeginu?

35 svör




Mynd 14. Nýtir nemandinn sér mötuneyti VA í hádeginu?

Verkmenntaskóli Austurlands stendur sig vel í að mennta nemendur

Síðasta valkosta spurningin í könnuninni var í formi fullyrðingar í takt við þær sem nýttar eru í gæðamarkmið skólans. Þar voru 94,3% svarenda sammála eða mjög sammála því að VA standi sig vel í að mennta nemendur en 5,7% voru þar ósammála, eða tveir aðilar.

VA stendur sig vel í að mennta nemendur
35 svör



Mynd 14. Verkmenntaskóli Austurlands stendur sig vel í að mennta nemendur

Annað

Í lok könnunar var opin spurning þar sem svarendur voru hvattir til að koma einhverju fleiru á framfæri til skólans. Þar bárust 12 svör sem voru fjölbreytt. Þar voru 5 sem lýstu yfir ánægju sinni til skólans, námsins og starfsfólksins en einnig mátti þar finna ábendingar sem sneru t.d. að mötuneyti, kennsluvef en foreldrar myndu gjarnan vilja hafa aðgang að kennsluvef nemandans án þess að þurfa skrá sig inn í gegnum nemandann sjálfan. Tvær ábendingar bárust vegna hlutverks umsjónakennara og samskipta við nemendur og forsjáraðila.